Námskeið um rétta aflameðferð um borð í smábátum

Landssamband smábátaeigenda og Matís efna til námskeiða um bætta aflameðferð. Þar munu sérfræðingar Matís halda fyrirlestra um meðferð afla, hvernig skuli umgangast hann þannig að sem hæst verð fáist við sölu hans og neytendur verði ánægðir með gæðin.

Afli smábáta er eitt ferskasta hráefni sem völ er á en til að tryggja enn betur að fiskvinnslan og neytendur fái sem bestan fisk í hendurnar er mikilvægt að smábátasjómenn þekki vel hvaða þættir hafa helst áhrif á gæðin.

Námskeiðin eru öllum opin og er þátttaka gjaldfrjáls.
Hvert námskeið tekur u.þ.b. 2 klst.



LS hvetur félagsmenn sína til að nýta sér þetta tækifæri og auka þannig þekkingu sína á þessu sviði!

Næstu námskeið:

- **Egilsstaðir – Hótel Hérað – 23. maí kl 20:00**
- **Húsavík – Salur verkalýðsfélaganna (Garðarsbraut 26) – 25. maí kl 20:00**
- **Patreksfjörður – Sjóræningjahúsinu – 25. maí kl 20:00**
- **Skagaströnd - Kántrýbær - 26. maí kl 20:00**
- **Ísafjörður – Hótel Ísafjörður – 26. maí kl 20:00**
- **Grindavík – Sjómannastofan Vör – 26. maí kl 20:00**
- **Hornafjörður - Nýheimar - 27. maí kl 20:00**
- **Drangsnes – Malarkaffi – 30. maí kl 20:00**

LANDSSAMBAND smábátaeigenda